

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 – 2022

*Staður:* Hvanneyri

*Tími:* Miðvikudagur 2. nóv 2022 kl. 08:00-09:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson. Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson var forfallaður. Theodóra Ragnarsdóttir var gestur fundarins.

**1. Starfsreglur háskólaráðs og meginatriði í skipulagi, starfsemi og rekstri háskólans.** Rektor fór yfir starfsreglurnar, en fulltrúum í háskólaráði er skylt að kynna sér þær ítarlega og starfa eftir þeim. Sjá: [starfsreglur\\_haskolarads\\_landbunadarhaskola\\_islands - samthykkt 2020-03-30 vef.pdf \(lbhi.is\)](#)

**2. Fjármál – fréttir af fundum með HVIN:** Fundað (RIP, DMK og TR) var með háskólaráðuneyti (HVIN) í síðustu viku, með ráðherra, ráðuneytisstjóra og þremur fulltrúum ráðuneytisins sem höfðu heimsótt skólann vikunni áður og kynnt sér aðstæður og sjónarmið Lbhí varðandi fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp. Aðilar sammála um að leita lausna. Uppbyggingaráætlun Lbhí sem send var ráðuneytinu í júní sl. hefur fengið góðar viðtökur og óskaði ráðuneytið eftir innleggi í fjármálaáætlun byggt á henni. Rætt um að fá utanaðkomandi aðila til aðstoðar, en ákveðið að fulltrúar í háskólaráði sendi fyrst á milli sín hugmyndir.

Theodóra fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs.

### **3. MSc nám í Restoration Ecology, umræður og afgreiðsla.**

Þetta mál var kynnt og rætt á síðasta fundi. Hér var í framhaldi af því rætt um þörf á skýrum reglum varðandi þröskulda fyrir samþykkt námsbrauta. Námsframboð hlýtur fyrst og fremst að vera viðbrögð við þörf, en fleiri markmið með námsframboði getur þurft að skilgreina. Viðmið um endurskoðun námsbrauta þurfa einnig að vera skýr. Hvað varðar málið sem er nú til umfjöllunar þarf að finvinna fjárhagsáætlun, m.a. bæta við kynningarkostnaði. Háskólaráð samþykkir að setja á stofn umrædda námsbraut að uppfylltum skilyrðum um nemendaviðmið og fínunna fjárhagsáætlun.

**4. Gæðaúttekt** fer fram 1.-3. nóvember á grundvelli gæðaskýrslu. Að loknum þessum háskólaráðsfundi héldu fulltrúar í ráðinu á fund úttektarnefndar. Og loks í myndatöku.

Fundi slitið kl. 09.00